

Árið 2012, föstudaginn 17. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, af Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra í málinu nr. E-1/2012:

Stilla útgerð ehf.,

KG fiskverkun ehf.

og

Guðmundur Kristjánsson

(Grímur Sigurðsson hrl.)

gegn

Vinnslustöðinni hf.

(Helgi Jóhannesson hrl.)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. júní sl., er höfðað með stefnu birtri þann 6. desember 2011, af Stillu útgerð ehf., kt. 000000-0000, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, KG fiskverkun ehf., kt. 000000-0000, Melnesi 1, Hellissandi og Guðmundi Kristjánssyni, kt. 000000-0000, Nesvegi 107, Seltjarnarnesi, á hendur Vinnslustöðinni hf., kt. 000000-0000, Hafnargötu 2, Vestmannaeyjum, til ómerkingar á ákvörðun hluthafafundar.

Dómkröfur stefnenda eru þær að ómerkt verði eftirfarandi ákvörðun hluthafafundar stefnda, dags. 21. september 2011:

„Hluthafafundurinn samþykki samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. við Vinnslustöðina hf. Greiðsla skal innt af hendi með afhendingu eigin bréfa Vinnslustöðvarinnar, sem eru í dag að nafnverði EUR 237.611 og afhendingu á ný útgefnu hlutafé, sbr. 5. lið dagskrár að nafnverði EUR 299.057.

Hluthafafundurinn samþykkir að hækka hlutafé félagsins um EUR 299.057 vegna samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar hf. Forgangsréttur hluthafa til áskriftar gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórn félagsins skal nýta hlutaféð sem greiðslu í tengslum við samruna Ufsabergs-útgerðar ehf. og Vinnslustöðvarinnar. Heildarhlutafé Vinnslustöðvarinnar hf. eftir

hlutafjáraukninguna nemur EUR 17.459.145.“

Þá gera stefnendur kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda, að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur hins stefnda félags eru þær að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnenda.

Þá gerir stefnda kröfu um að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Í upphaflegri kröfugerð stefnda var aðallega krafist frávísunar, en í þinghaldi þann 25. júní sl., féll stefnda frá þeirri kröfu.

Málsatvik

Mál þetta á rætur sínar að rekja til samruna félaganna Ufsabergs-útgerðar ehf., og Vinnstöðvarinnar hf., en fyrrnefnda félagið var afskráð af fyrirtækjaskrá þann 9. febrúar 2012 með þeirri athugasemd að félagið hafi verið sameinað Vinnlustöðinni hf. Var samruni félaganna samþykktur á hluthafafundi hvors félags, er báðir voru haldnir þann 21. september 2011, og var samruninn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum á hluthafafundi Ufsabergs-útgerðar ehf., en með 67,37% atkvæða á hluthafafundi Vinnlustöðvarinnar hf., þar sem á móti voru greidd 33,32% atkvæða, en til fundarins var mætt af hálfu 99,69% af atkvæðisbærum eigendum hlutafjár. Þá liggur fyrir að í maí sama ár hafi hið stefnda félag keypt 28,88% hlut í Ufsabergi-Útgerð ehf., af félaginu sjálfu og hluthöfum þess, þeim Eyjólf Guðjónssyni og Elínborgu Jónsdóttur, sem greitt hafi verið fyrir með afhendingu 2,5% hlutafjár hins stefnda félags. Hafi kaupsamningur þessi verið samþykktur á hluthafafundi í hinu stefnda félagi, með 66,2% atkvæða gegn 33,8%. Þá kveður hið stefnda félag hlutfé samkvæmt nefndum kaupsamningi hafa verið afhent kaupendum þann 14. júní 2011. Stefnendur eru hluthafar í hinu stefnda félagi, og áttu þeir 31,88% heildarhlutafjár félagsins, áður en hlutfé félagsins var hækkað með ákvörðun hluthafafundar þann 21. september sl., þ.e. ákvörðunar þeirrar sem stefnendur krefjast nú ómerkingar á. Stefnda kveður samruna þennan hafa átt sér langan aðdraganda, allt frá maí 2008 er hið stefnda félag keypti 35% hlut í Ufsabergi-útgerð ehf., auk þess sem stjórn hins stefnda félags hafi árin 2008 til 2010 fengið heimild aðalfundar, sem þó hafi ekki verið nýtt, fyrir því að kaupa eigin bréf og nýta sem gagngjald fyrir hluti í Ufsabergi-útgerð ehf., í tengslum við mögulega sameiningu félaganna. Þá kveður stefnda stefnendur hafa verið andvíga samruna félaganna allt frá upphafi, þannig hafi stefnendur, í september 2011, árangurslaust reynt að fá lagt lögban við afhendingu og skráningu þeirra hlutabréfa í hinu stefnda félagi sem hluthafar Ufsagerðar-útgerðar ehf., áttu að fá afhent við samruna félaganna.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur telja þá ákvörðun hluthafafundar er þeir krefjast ómerkingu á, hafa verið tekna með ólögætum hætti auk þess sem hún brjóti í bága við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir hins stefnda félags. Ákvörðunin sé ógild og því sé krafist ómerkingar hennar, sbr. 4. mgr. 96. gr. hlutafélagalaga.

Í fyrsta lagi byggja stefnendur á því að óheimilt hafi verið að nýta atkvæðisrétt 2,5% hlutar í stefnda á grundvelli kaupsamnings dagsettum 10. maí 2011. Stefnendur telja að umræddur kaupsamningur hafi verið gerður í þeim eina tilgangi að sniðganga ákvæði hlutafélagalaga um bann við atkvæðagreiðslu fyrir hönd eigin hluta hlutafélags, sbr. 3. mgr. 82. gr. laganna. Umræddur hlutur hafi verið seldur á þeim forsendum að samruni félaganna gengi í gegn, en í grein 3.1. í samningnum segi: „*Forsendur kaupenda fyrir gerð þessa samnings er að VSV og UÚ verði sameinuð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en hinn 31. desember 2011.*“ Kveða stefnendur samninginn hafa verið óskuldbindandi fyrir báða aðila færi svo að samruninn gengi ekki í gegn, sbr. ákvæði 3.2. í samningnum, þar sem segi: „*Gangi sameiningin ekki eftir í samræmi við grein 3.1 hafa báðir aðilar rétt til að lýsa því yfir að þessi kaupsamningur sé fallinn niður.*“ Byggja stefnendur á því að um sé að ræða frestskilyrði sem leiði til þess að ákvæði kaupsamningsins hafi ekki orðið virk og þá sé samningurinn ekki bindandi, fyrr en skilyrðið kom fram. Eigendaskipti að þeim hlutum sem kaupsamningurinn kvað á um hafi þannig ekki orðið fyrr en skilyrðið kom fram. Fyrir það tímamark hafi kaupendum verið óheimilt að fara með hlutina sem sína eigin, þ.m.t. að nýta atkvæðisrétt sem bundinn sé hlutumum. Kveða stefnendur stjórn stefnda hafa, með gerð kaupsamningsins, leitast við að hafa bein áhrif á atkvæðagreiðslu um samrunann, enda hafi tilgangur samningsins verið sá að virkja eigin hluti félagsins til að greiða atkvæði með samrunanum, án þess að framsal umræddra hluta væri með nokkrum hætti bindandi fyrr en eftir ákvörðunartökuna.

Byggja stefnendur þannig á því að væntanlegir kaupendur hafi ekki verið orðnir eigendur umræddra hluta þegar atkvæðagreiðslan fór fram auk þess sem í kaupsamningnum hafi falist sniðganga á 3. mgr. 82. gr. hlutafélagalaga. Af þeim sökum beri að líta með öllu framhjá ákvæðum samningsins við atkvæðagreiðsluna á hluthafafundinum 21. september 2011, og ómerkja ákvörðun hluthafafundarinnar á grundvelli 1., sbr. 4. mgr. 96. gr. hlutafélagalaga.

Í öðru lagi byggja stefnendur á því að um hafi verið að ræða brot gegn reglum um nýtingu forkaupsréttar, en samhliða ákvörðun um samruna hins stefnda félags og Ufsabergs-útgerðar ehf., á hluthafafundi þann 21. september 2011, hafi verið tekin ákvörðun um útgáfu nýs hlutafjár í stefnda, að fjárhæð EUR 299.057. Þá hafi falist í ákvörðuninni að fallið væri frá forkaupsrétti að hlutafjárukningunni, sem öll hafi verið nýtt til samrunans. Telja stefnendur ótvírætt að hluthafar stefnda eigi forkaupsrétt að fölum hlutum við hlutafjárukningu í félaginu, og vísa því til stuðnings til 4. gr. samþykktar félagsins, sem og 34. gr. hlutafélagalaga. Þannig hafi, í fundarboði fyrir umræddan hluthafafund, ekki verið að finna umfjöllun um ástæður þess að vikið var frá áskriftarréttindum hluthafa, eða rökstuddar tillögur um áskriftargengi, líkt og sé formskilyrði hlutafélagalaga. Þar að auki sé atkvæðagreiðsla um hlutafjárukningu ólögæt, líkt og áður greini, þar sem greidd hafi verið atkvæði með hlutum sem þá hafi enn talist eigin hlutafé félagsins.

Byggja stefnendur þannig á því að ákvörðun um hlutafjáraukningu í hinu stefnda félagi sé ólögmat og ógild, og þar með ákvörðun um samrunann, enda sé hlutafjárhækkunin forsenda hans. Telja stefnendur að ákvörðunina beri að ómerkja í heild sinni, sbr. 1. og 4. mgr. 96. gr. hlutafélagalaga.

Í þriðja lagi byggja stefnendur á því að í samrunagögnum, sem útbúin hafi verið og kynnt hluthöfum í aðdraganda samruna félaganna, séu alvarlegir form- og efniságallar, sem leiða eigi einir og sér til þess að ákvörðun um samrunann sé ógild, og beri því að ómerkja.

Fyrsta atriðið sem stefnendur nefna í þessu sambandi er að stjórnir félaganna tveggja, Vinnslustöðvarinnar hf., og Ufsabergs-útgerðar ehf., hafi skilað sameiginlegri greinargerð í andstöðu við skýr fyrirmæli 1. ml. 1. mgr. 121. gr. hlutafélagalaga. Hafi hlutahafar með þessu verið sviptir mikilvægasta upplýsingamiðli sínum um samrunann og ómögulegt að segja til um hvernig atkvæðagreiðsla um samrunann hefði farið hefði stjórn stefnda birt hluthöfum sínum sjálfstæða greinargerð um áhrif og afleiðingar samrunans hvað varðaði eingöngu hið stefnda félag. Þá hafi fyrirmælum 1. ml. 1. mgr. 121. gr. hlutafélagalaga, ekki verið fylgt varðandi skýrslu matsmanns, en aðeins ein skýrsla hafi verið gerð sameiginlega fyrir bæði félögin. Kveða stefnendur þetta vera alvarlegan efniságalla, enda gegni slík skýrsla því hlutverki að vera hluthöfum hvors samrunafélags fyrir sig til upplýsinga um þær fjárhagslegu afleiðingar sem samruni hafi í för með sér. Þar að auki kveða stefnendur efnisannmarka vera á skýrslu matsmannsins, en þar komi hvergi fram mat á því hvort endurgjald fyrir hluti í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt, eins og skýrt sé kveðið á um í 3. mgr. 122. gr. hlutafélagalaga. Þá verði hvorki séð að í skýrslunni komi skýrt fram hvaða verð verðmatsaðferðir leiði af sér, né heldur hvaða innbyrðis þýðingu skuli leggja í aðferðir við verðákvörðun. Sé þetta sérlega ámælisvert þar sem mismunandi verðmatsaðferðir hafi verið notaðar fyrir hvort samrunafélag fyrir sig. Þannig hafi verðmat hins stefnda félags byggt á svokölluðu sjóðsstreymisverðmati, en verðmat Ufsabergs-útgerðar ehf., á svokölluðu upplausnarvirði. Telja stefnendur skýrslu matsmanns vera haldna verulegum efniságöllum sem leiði til þess að ákvörðunin um samruna félaganna sé ógild og beri að ómerkja hana.

Að lokum byggja stefnendur á því að í samrunaáætlun séu ekki tilskildar upplýsingar um rétt til arðs, líkt og skylt sé skv. 4. tl. 120. gr. hlutafélagalaga. Sé það skýrt brot á ákvæðum laganna. Sé þetta sérlega bagalegt þar sem á hluthafafundi þann 30. júní 2011 hafi verið tekin ákvörðun um útgreiðslu arðs. Þá geti regla 2. mgr. 36. gr. hlutafélagalaga ekki tekið til eigin hluta hins stefnda félags og bæti þannig ekki úr framangreindum annmarka í samrunagögnum.

Til viðbótar þeim lagaákvæðum sem þegar hafa verið rakin byggja stefnendur á 96. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sem og almennum reglum félagaréttar, m.a. um minnihlutavernd hlutahafa, sbr. 76. gr. hlutafélagalaga. Kröfu sína um málskostnað byggja stefnendur á 1. mgr. 129. gr., og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, um varnarþing til 33. gr. sömu laga og um heimild til sameiginlegrar kröfugerðar og sóknar til 19. gr. sömu laga. Stefnendur séu allir hlutahafar í stefnda og kröfur þeirra eigi allar rætur að rekja til sama atviks, þ.e. ákvörðunar hluthafafundar hins stefnda félags þann 21. september 2011. Þá vísa stefnendur til 2. mgr. 96. gr. um málshöfðunarfrest.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Líkt og áður greinir hefur hið stefnda félag fallið frá kröfu sinni um frávísun málsins, en ekki var fallið frá þeim málsástæðum sem krafan byggir á, þ.e. að málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn, enda miðist hann við það tímamark er kaupsamningur var samþykktur, eða í síðasta lagi frá því að atkvæðisrétti skv. kaupsamningi hafi fyrst verið beitt. Þannig hafi málshöfðunarfresturinn í síðasta lagi runnið út þann 30. september 2011. Málið hafi ekki verið höfðað fyrir en 6. desember 2011 og hafi málshöfðunarfrestur þá verið liðinn. Telur stefnandi því að vísa beri málinu frá dómi.

Stefnda hafnar málsástæðum stefnenda í heild, og kveður hvorki laga- né efnisrök til að taka kröfu stefnenda til greina.

Þeirri málsástæðu stefnenda að óheimilt hafi verið að nýta atkvæðisrétt 2,5% hlutar í stefnda á grundvelli kaupsamnings dagsettum 10. maí 2011, hafnar stefnda með þeim rökum að hlutirnir sem um ræðir hafi verið afhentir þann 14. júní 2011, og við það hafi öll réttindi, þ.m.t. atkvæðisréttur, flust til kaupenda, eins og kveðið er á um í grein 1.2. í umræddum kaupsamningi. Þá hafi kaupendur athugasemdalest nýtt atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum þann 30. júní og 22. ágúst 2011. Umræddur kaupsamningur hafi verið bundinn tveimur skilyrðum, annars vegar að Samkeppniseftirlitið teldi kaupin ekki tilkynningarskyld í samræmi við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, og hins vegar að hluthafafundur samþykkti söluna. Hafi báðum skilyrðunum verið fullnægt og kaupin fullfrágengin í júní 2011.

Hvað varðar ætlað frestskilyrði um samruna félaganna innan ákveðinna tímamarka, bendir hið stefnda félag á að um hafi verið að ræða heimildarákvæði, sem kvað á um rétt aðila, en ekki skyldu, til að lýsa því yfir að samningurinn skyldi niður falla kæmi ekki til samruna félaganna innan ákveðins tíma. Þá er því hafnað að um málamyndagjörning hafi verið að ræða líkt og stefnendur halda fram. Kveður stefnda að aðdragandi samruna umræddra félaga hafi verið langur og stefnendur, sem og aðrir hluthafar og fulltrúar þeirra í stjórn hins stefnda félags, hafi verið upplýstir um öll skref ferlisins.

Þá kveður stefnda að ákvæði 3. mgr. 82. gr. hlutafélagalaga hafi verið virt á hluthafafundinum þegar ákvörðun um samruna félaganna hafi verið tekinn, enda hafi þá eigin hlutir félagsins, sem samsvöruðu 1,38% af öllu hlutafé félagsins, ekki notið atkvæðisréttar. Hins vegar hafi kaupendum að 2,5% hlut, sem áður hafði verið eigin hlutir félagsins, verið heimilt að nýta atkvæðisrétt sinn, líkt og áður er rakið, og niðurstaða fundarins því lögmæt.

Stefnda hafnar því að brotið hafi verið gegn reglum um nýtingu forkaupsréttar. Vísar stefnda í þessu sambandi til þess sem áður segir um lögmæta kosningu á fundinum þar sem samþykkt hafi verið með auknum meirihluta, og þess að Eyjólfí, Elínborgu og Ufsabergi-útgerð ehf., hafi verið heimilt að nýta atkvæðisrétt sem fylgt hafi hlutafé sem þau keyptu. Þá er því hafnað að formreglur hafi verið brotnar í aðdraganda hlutafjár aukningarinnar. Í fundarboði hafi verið getið um þær tillögur sem leggja skyldi fyrir fundinn og hver hlutafjárhækkunin

yrði. Þá hafi öll gögn um fyrirhugaðan samruna og hlutafjánhækkun verið lögð fyrir stjórn hins stefnda félags, auk þess sem þau hafi legið frammi á skrifstofu félagsins í mánuð fyrir hlutahafafundinn. Engu að síður hafi engar athugasemdir komið fram í aðdraganda fundarins. Þá kveður stefnda að stefnendum hafi verið fullkunnugt um hvað fara ætti fram á fundinum, óháð því hvort áskriftargengið hafi verið rökstutt í fundarboði eða ekki og smávægilegir gallar á formi ættu auk þess ekki að leiða til þess að ákvörðun sé ógild. Stefnda byggir á því að hluthöfum hafi ekki verið mismunað og uppfyllt hafi verið skilyrði 4. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga um tilskilinn meirihluta atkvæða.

Þá mótmælir stefnda þeirri málsástæðu stefnenda að alvarlegir efnis- og formgallar hafi verið í samrunagögnum er útbúin voru og kynnt hluthöfum í aðdraganda hins umdeilda samruna. Kveður stefnda samrunagögnin vera í samræmi við það sem tíðkast hefur í framkvæmd endurskoðenda og fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra um árabíl. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við drög að gögnumum, þ.m.t. hvorki af stjórn hins stefnda félags né Fyrirtækjaskrá, sem send hafi verið gögnin til yfirlestrar. Ennfremur hafi sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hafnað kröfu stefnenda um lögbann við afhendingu og skráningu þeirra hlutabréfa í hinu stefnda félagi, sem hlutahafar Ufsabergs-útgerðar ehf., hafi átt að fá afhent við samruna félaganna. Þá hafi Fyrirtækjaskrá ekki orðið við beiðni stefnenda um að hafna öllum beiðnum um skráningu á samrunanum uns niðurstaða dómstóla lægi fyrir, þó stofnuninni hafi verið kynntir ætlaðir gallar á samrunagögnum.

Stefnda byggir á því að þó um væri að ræða smávægilegar misfellur í samrunagögnum, væri það ekki til þess fallið að ákvörðun hlutahafafundar, sem löglega hafi verið boðað til og sóttur hafi verið af hluthöfum sem halda 99.69% af atkvæðisbæru hlutafé, teljist ógild, enda hafi engin réttindi stefnenda farið forgörðum. Þá byggir stefnda á því að á umræddum hlutahafafundi hafi Magnús Helgi, stjórnarmaður stefnenda, lagt fram bókun fyrir hönd stefnenda þar sem m.a. hafi verið fundið að ætluðum göllum í samrunagögnum, en aðrir fundarmenn hafi engu að síður greitt atkvæði með tillögunni um hinn umdeilda samruna. Þá hafnar stefnda þeim skilningi stefnenda á 1. ml. 1. mgr. 131. gr. hlutafélagalaga, að óheimilt sé stjórnnum beggja fyrirtækja að skila sameiginlega einni greinargerð. Báðar stjórnir hafi skilað greinargerð og ekki verði séð hver hefði hagsmuni af því að greinargerðin væri í tveimur eintökum, þegar inntak þeirra er hið sama. Hafi þetta atriði enga efnislega þýðingu í málinu. Með sömu rökum hafnar stefnda skilningi stefnenda á 1. ml. 1. mgr. 122. gr. hlutafélagalaga, hvað varðar skýrslu matsmanns. Kveður stefnda ekkert banna það að einn og sami matsmaðurinn skili einni skýrslu fyrir bæði félögin, þvert á móti sé sérstaklega tilgreint að félögin megi hafa sama matsmanninn. Hvað varðar ætlaða efnisannmarka á umræddri skýrslu matsmanns, er því mótmælt að ekki komi nægilega skýrt fram til hvaða verðs verðmatsaðferðir leiði og hvaða innbyrðis þýðingu skuli leggja í aðferðir við verðákvörðun. Telur stefnda nokkuð ítarlega farið í þessi atriði og vísar til framlagðrar skýrslu matsmanns því til stuðnings. Hvað varðar þá málsástæður stefnenda að matsmaður hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort endurgjald fyrir hluti í yfirtekna félaginu sé sanngjarnt og efnislega rökstutt, vísar stefnda til þess að í lok ítarlegrar umfjöllunar matsmanns um verðmöt að baki skiptihlutafalli komi fram að hann telji aðferðir sem notaðar hafi verið við ákvörðun endurgjalds hafa verið fullnægjandi. Telur stefnda að í þessu felist jafnframt að hann telji endurgjaldið sanngjarnt, og ekki sé unnt að gera þá kröfu að orðin „sanngjarnt“ og „efnislega rökstutt“ komi bersýnilega fram í máli matsmanns. Skýrsla matsmannsins sé

nákvæm og ítarleg og í henni komi fram öll þau atriði sem lög gera ráð fyrir. Þá vísar stefnda til þess að jafnvel þó smávægilegar misfellur hefði verið að finna í skýrslu matsmanns réttlæti það ekki að ákvörðun hluthafafundar, þar sem matsmaður hafi munnlega farið yfir skýrsluna, yrði dæmd ógild.

Hvað varðar rétt til arðs byggir hið stefnda félag á því að þar sem ekkert sé getið um rétt til arðs í samrunaáætluninni gildi almennar reglur. Þannig gildi 3. mgr. 36. gr. hlutafélagalaga um hið nýútgefna hlutafé, en þeir hlutir sem áður hafi verið eigin hlutir hins stefnda félags, veiti réttindi frá framsali á hlutunum af VS-reikningi seljanda yfir á VS-reikninga kaupenda. Hvað varðar arðsúthlutun sem samþykkt var á aðalfundi hins stefnda félags þann 30. júní 2011, fái stefnda ekki séð hvernig hún flæki málin, enda hafi hún verið gerð fyrir samrunann og þegar verið greidd. Hafi verið lögð til grundvallar hlutafjáreign eins og hún var á þeim tímapunkti sem arðsúthlutun hafi verið samþykkt, í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Um lagarök vísar hið stefnda félag til laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá vísar stefnda til meginreglna í kaupa- og samningarétti. Kröfu sína um málskostnað styður stefnda við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr. laganna.

Niðurstaða

Ágreiningur aðila máls þessa snýr að gildi ákvörðunar hluthafafundar hins stefnda félags um samruna félagsins við Ufsaberg-útgerð ehf. Hið stefnda félag hefur haldið því fram að málshöfðunarfrestur vegna ákvörðunarinnar hafi verið liðinn er mál þetta var höfðað, en hefur þó fallið frá frávísunarkröfu sinni. Samkvæmt 2. mgr. 96. gr. hlutafélagalaga skal höfða mál vegna ákvörðunar hluthafafundar innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tekin. Krafa stefnenda lýtur að ákvörðun sem tekin var á hluthafafundi hins stefnda félags þann 21. september 2011. Mál þetta er höfðað með birtingu stefnu þann 6. desember 2011, og þar af leiðandi innan þeirra tímamarka sem greinir í áðurnefndu lagaákvæði. Eru því ekki efni til þess að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnendur halda því fram að umrædd ákvörðun hafi því aðeins hlotið tilskilinn meirihluta atkvæða að nýttur hafi verið atkvæðisréttur 2,5% hlutafjár, sem á þeim tíma hafi verið eigið fé félagsins, og þannig hafi verið brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga. Stefnda hefur hafnað þessu, og kveður umrætt hlutafé hafa verið afhent kaupendum þess þann 14. júní 2011, og þar með öll réttindi sem þeim fylgdu, þ.m.t. atkvæðisréttur. Stefnendur halda því fram að kaupsamningur um hlutaféð hafi ekki verið orðinn virkur vegna frestskilyrðis og því hafi hlutaféð enn verið eigin fé félagsins. Þessu hafnar stefnda og kveður samninginn skýran um það að aðeins hafi verið um heimildarákvæði að ræða, næði ætlað skilyrði ekki fram að ganga, og þá hafi samningurinn verið skýr um að réttindi skyldu færast til kaupenda með afhendingu hlutafjárins.

Í 1. mgr. 82. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, er að finna þá meginreglu félagaréttar að allir hlutir hlutafélags skuli veita atkvæðisrétt. Í 3. mgr. 82. gr. er kveðið á um þá undantekningu frá meginreglu þessari að eigin hlutir félags skuli

ekki hafa atkvæðisrétt. Stefnda hefur, sem áður greinir, haldið því fram að atkvæðisréttur kaupenda að 2,5% hlutafé, sem áður hafi verið eigin hlutir félagsins, hafi orðið virkur við afhendingu hlutanna þann 14. júní 2011. Í kaupsamningi um umrætt hlutafé, sem liggur frammi í málinu, kemur fram að öll réttindi sem fylgi hinu selda hlutafé skuli flytjast til kaupenda við afhendingu hlutanna. Þá hefur stefnda lagt fram gögn um framsal umræddra hlutabréfa þann dag. Hvað varðar ætlað frestskilyrði er það mat dómsins að heimild aðila kaupsamningsins til að lýsa því yfir, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að kaupsamningurinn sé fallinn niður, feli hvorki í sér að hann teljist sjálfkrafa ógildur, né fresti það réttaráhrifum framsals hlutabréfanna. Þá hafa stefnendur ekki fært sönnur á að umræddur samningur hafi verið gerður til málamynda í þeim tilgangi að sniðganga ákvæði 3. mgr. 82. gr. hlutafélagalaga. Er það mat dómsins að atkvæðagreiðsla hluthafafundar hafi verið lögmæt og kaupendum að umræddu 2,5% hlutafé, sem áður höfðu verið eigin hlutir félagsins, hafi verið frjálst að nýta atkvæðisrétt sinn á hluthafafundi hins stefnda félags þann 21. september 2011.

Stefnendur byggja á því að brotið hafi verið gegn reglum um nýtingu forkaupsréttar, enda hafi fundarboð ekki verið fullnægjandi, auk þess sem atkvæðagreiðsla um hlutafjáraukningu hafi verið ólögmæt. Hvað varðar atkvæðagreiðslu um hlutafjáraukningu vísast í það sem áður segir um lögmæti atkvæðagreiðslunnar og rétt kaupenda til að nýta atkvæðisrétt hinna framseldu hluta. Af hálfu hins stefnda félags hefur því verið mótmælt að formreglur hafi verið brotnar í aðdraganda hlutafjáraukningarinnar. Kveður stefnda að í fundarboði sé getið um tillögur sem leggja eigi fyrir fundinn og hver hlutafjárhækkunin yrði. Þá hafi öll gögn um fyrirhugaðan samruna og hlutafjárhækkun verið lögð fyrir stjórn félagsins, auk þess sem þau hafi legið frammi á skrifstofu félagsins í tilskilinn tíma. Ennfremur hafi verið mætt til fundarins af hálfu eigenda 99.69% af atkvæðisbæru hlutafé. Nefnt fundarboð liggur ekki frammi í málinu, en ljóst má telja að fullnægjandi upplýsingar hafi verið aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins í aðdraganda fundarins, sem og á fundinum sjálfum þar sem stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og endurskoðandi þess sátu fyrir svörum. Er það mat dómsins að smávægilegir formgallar sem kunna að hafa verið á fundarboði geti því ekki orðið til þess að ómerkja beri ákvörðun hluthafafundar, enda verður ekki séð að réttindi hluthafa hafi farið forgörðum vegna þessa.

Stefnendur byggja og á því að gallar séu í samrunagögnum, sem skuli leiða til þess að ákvörðun um hin umdeilda samruna sé ógildanleg. Stefnda hefur mótmælt þessu og byggir á því að séu nokkrir gallar í gögnunum, séu þeir svo smávægilegir að ekki geti valdið ógildi ákvörðunarinnar. Í 1. mgr. 121. gr. hlutafélagalaga, er kveðið á um að félagsstjórn í hverju félaganna um sig skuli semja greinargerð. Fallast má á það með stefnendum að orðalag greinarinnar beri að skilja svo að stjórnir félaganna skuli skila hvort sinni greinargerðinni. Aftur á móti verður ekki séð að réttindi hluthafa hafi farið forgörðum vegna þessa, en ekki verður séð að greinargerð stjórnar félagsins hafi verið efnislega ábótavant og uppfyllir hún að mati dómsins efnisskilyrði 121. gr. hlutafélagalaga. Þá verður ekki litið fram hjá því að til umrædds hluthafafundar var mætt af hálfu eigenda 99,69% atkvæðisbærs hlutafjár, auk þess sem stjórn félagsins, framkvæmdastjóri og endurskoðandi þess, sátu þar fyrir svörum. Hvað varðar ætlaða galla á skýrslu matsmanns er það mat dómsins, með sömu rökum og byggt er á varðandi skýrslu stjórnar, að smávægilegir formgallar á skýrslunni geti ekki leitt til ógildingar á ákvörðun hluthafafundar. Ennfremur telur dómurinn skýrslu matsmannsins efnislega fullnægjandi og í

samræmi við ákvæði 122. gr. hlutafélagalaga þó orðin „sanngjarnt“ og „efnislega rökstutt“ komi þar í sjálfu sér ekki fram, enda er lýst þeirri eða þeim aðferðum sem notaðar voru við ákvörðun endurgjaldsins og lagt mat á hvort aðferðin eða aðferðirnar séu fullnægjandi í umræddu tilviki. Þar að auki verður að taka tillit til þess að umræddur matsmaður sótti hluthafafund þann er tillaga um samruna félaganna var rædd og fór þar yfir skýrslu sína. Að lokum byggja stefnendur á því að í samrunaáætlun komi ekki fram upplýsingar um rétt til arðs og sé þar um skýrt brot á ákvæðum hlutafélagalaga að ræða. Af hálfu hins stefnda félags hefur því verið haldið fram að þar sem umræddar upplýsingar komi ekki fram í samrunagögnum gildi um þetta almennar reglur hlutafélagalaga. Fallist er á það með stefnendum að samrunaáætlun sé ábótavant að þessu leyti, en þó er það mat dómsins að ekki sé um svo verulegan galla að ræða að varði ógildingu ákvörðunar hluthafafundar um samruna félaganna, enda verður ekki séð að réttindi hluthafa hafi farið forgörðum vegna þessa. Að öllu framansögðu virtu er það mat dómsins að gögn um samruna hins stefnda félags og Ufsabergs-útgerðar ehf. séu ekki haldin svo verulegum göllum að varði ógildingu ákvörðun hluthafafundar hins stefnda félags um samruna félaganna. Verður hið stefnda félag því alfarið sýknað af kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnendur til að greiða hinu stefnda félagi 1.000.000 krónur í málskostnað.

Dóminn kveður upp Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og lögmenn aðila töldu ekki þörf endurflutnings.

D ó m s o r ð :

Hið stefnda félag, Vinnslustöðin hf., er sýknað af öllum kröfum stefnenda, Stillu útgerðar ehf., KG fiskverkunar ehf., og Guðmundar Kristjánssonar, í máli þessu.

Stefnendur greiði hinu stefnda félagi 1.000.000 krónur í málskostnað.

Hjörtur O. Aðalsteinsson